

Fjárfestingafélag atvinnulífsins hf.

Ársreikningur 2019

Fjárfestingafélag atvinnulífsins hf.
Kennitala 440215-0250
Sundagörðum 2, 104 Reykjavík

Efnisyfirlit

bls.

Skýrsla stjórnar	2
Fagleg aðstoð við gerð ársreiknings	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5
Sjóðstreymi	6
Skýringar	7 - 11

Fjárfestingafélag atvinnulífsins hf.
Kennitala 440215-0250
Sundagörðum 2, 104 Reykjavík

Skýrsla stjórnar

Meginstarfsemi félagsins

Tilgangur Fjárfestingafélags atvinnulífsins hf. er að fjárfesta í verðbréfum og lánasamningum fyrirtækja og stofnana í samræmi við fjárfestingastefnu félagsins.

Starfsemin á árinu

Fjárfestingafélag atvinnulífsins hf. var stofnað á árinu 2015.

Hagnaður ársins nam kr. 0 og er staða eiginfjár jákvæð kr. 4 millj. í lok árs. Fjöldi ársverka á árinu var 0,025.

Það er álit stjórnar félagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í lok reikningsárs, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun félagsins, komi fram í ársreikningnum.

Atburðir eftir lok reikningsárs

Covid-19 er ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á Fjárfestingafélag atvinnulífsins hf. til lengri tíma, þar sem veðstaða er almennt mjög góð. Til skemmri tíma mun félagið hinsvegar þurfa að skilmálabreyta hluta útlána og fresta greiðslum, en um 30% af útlánum eru til aðila í starfsemi tengdri ferðaþjónustu. Þar sem afborganir langtímalána eru breytilegar og vextir langtímalána miðast við árságóða félagsins er það mat stjórnar að ekki leiki neinn vafi á rekstrarhæfi félagsins. Sjá nánar skýringu nr. 9 um frekari upplýsingar vegna Covid-19.

Ráðstöfun rekstrarniðurstöður

Stjórnin vísar til eiginfjárfirlits vegna ráðstöfunar á rekstrarniðurstöðu.

Eignaraðild

Í lok árs voru jafn margir hluthafar félagsins og í byrjun árs eða tveir að tölu og skiptist eignaraðild þeirra þannig:


ALM Verðbréf hf.	99,99%
Dual ehf.	0,01%

Stjórn Fjárfestingafélags atvinnulífsins hf. og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2019 með áritun sinni.

Reykjavík, 2. apríl 2020

Stjórn:

Framkvæmdastjóri:



Þóra Leifsdóttir

Andri Guðmundsson

Arnar Þórunnsson



Hjörður D. Jónsson

Fagleg aðstoð við gerð ársreiknings

Til stjórnar og eigenda Fjárfestingafélags atvinnulífsins hf.

Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings Fjárfestingafélags atvinnulífsins hf. fyrir árið 2019 og við vinnu okkar byggt á þeim upplýsingum sem stjórnendur félagsins hafa lagt fram. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRS 4410, sem fjallar um aðstoð við gerð og framsetningu ársreiknings.

Við höfum notað þekkingu okkar á sviði reikningsskila og ársreikningagerðar til að aðstoða fyrirtækið við gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Við höfum fylgt fyrirætlum siðareglna, þar á meðal grundvallarreglum um heilindi, hlutlægni, faglega hæfni og varkárni.

Ársreikningurinn, þar á meðal nákvæmni og heild undirliggjandi gagna, er á ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra.

Þar sem aðstoð við gerð ársreiknings er ekki staðfestingarverkefni er þess ekki krafist að við staðfestum nákvæmni eða heild þeirra upplýsinga sem stjórnendur hafa lagt fram. Þar af leiðandi veitum við hvorki álit byggt á endurskoðun né ályktun byggða á könnun um hvort ársreikningurinn sé gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Þrátt fyrir að við veitum hvorki álit byggt á endurskoðun né ályktun byggða á könnun, viljum við benda á umfjöllun í skýringu nr. 9 og umfjöllun í skýrslu stjórnar, varðandi atburði eftir lok reikningsskiladags sem kunna að hafa veruleg áhrif á starfsemi félagsins.

Reykjavík, 2. apríl 2020

PricewaterhouseCoopers ehf



Arna G. Tryggvadóttir
löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2019

	Skýringar	2019	2018
Vaxtatekjur		204.891.526	248.122.130
Verðbætur		80.091.820	111.340.124
Vaxtagjöld		18.333.601	(208.219.293)
Verðbætur		(80.091.820)	(111.340.124)
Hreinar vaxtatekjur		<u>223.225.127</u>	<u>39.902.837</u>
Uppgreiðsluþóknun		5.093.339	0
Niðurfærsla langtímalána		125.800.725	0
Aðrar rekstrartekjur		<u>130.894.064</u>	<u>0</u>
Hreinar rekstrartekjur		354.119.191	39.902.837
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	3	83.264	289.330
Annar rekstrarkostnaður	4	29.789.666	28.250.639
Niðurfærsla áhættufjármuna		317.880.778	0
Dreifing yfirverðs og lántökugjald		6.361.108	11.362.868
		<u>354.114.816</u>	<u>39.902.837</u>
Hagnaður af reglulegri starfsemi fyrir skatta		4.375	0
Tekjuskattur	7	(4.375)	0
Hagnaður (tap) ársins		<u><u>0</u></u>	<u><u>0</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2019

Eignir	Skýringar	31/12 2019	31/12 2018
Fastafjármunir			
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Fjárfestingar í verðbréfum	5	3.625.836.982	4.101.603.897
Fastafjármunir samtals		3.625.836.982	4.101.603.897
Veltufjármunir			
Næsta árs afborgun verðbréfa	5	306.703.804	305.211.301
Veltubríf		385.550.398	225.751.480
Áfallnir vextir		36.492.151	54.833.970
Fjármagnstekjuskattur		50.010.955	46.373.263
Aðrar skammtímaskröfur		0	891.188
Handbært fé		17.871.862	30.731.155
		<u>796.629.170</u>	<u>663.792.357</u>
Eignir samtals		<u>4.422.466.152</u>	<u>4.765.396.254</u>
 Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Hlutafé	6	4.000.000	4.000.000
Óráðstafað eigið fé		0	0
		<u>4.000.000</u>	<u>4.000.000</u>
Skuldir			
Langtímaskuldir:			
Skuldir í íslenskum krónum	8	4.372.315.711	4.518.024.616
Skammtímaskuldir:			
Ógreiddir vextir		0	182.640.804
Áfallnir vextir		36.492.151	54.833.970
Viðskiptaskuldir		9.553.435	5.879.656
Aðrar skammtímaskuldir		104.855	17.208
		<u>46.150.441</u>	<u>243.371.638</u>
Skuldir samtals		4.418.466.152	4.761.396.254
Eigið fé og skuldir samtals		<u>4.422.466.152</u>	<u>4.765.396.254</u>

Sjóðstreymi ársins 2019

	Skýringar	2019	2018
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Hagnaður (tap) ársins		0	0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Lækkun (hækkun) veltubrifa	(5.988.792)	(10.427.527)	
Dreifing yfirverðs og lántökugjald	6.361.108	11.362.868	
Niðurfærsla áhættufjármuna	317.880.778	0	
Niðurfærsla langtímalána	(125.800.725)	0	
Áfallnar verðbætur og vaxtatekjur	(84.229.266)	(151.708.776)	
Áfallnar verðbætur og vaxtagjöld	61.754.376	136.918.090	
	<u>169.977.479</u>	<u>(13.855.345)</u>	
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:			
Aðrar skammtímafröfur	(2.746.504)	(895.404)	
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir	<u>(178.883.753)</u>	<u>2.345.560</u>	
	<u>(181.630.257)</u>	<u>1.450.156</u>	
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)		(11.652.778)	(12.405.189)
Fjárfestingahreyfingar			
Kaupverð veltubrifa	(390.000.000)	(1.845.000.000)	
Söluverð veltubrifa	236.189.874	1.972.030.956	
Kaupverð verðbrifa	(77.077.929)	(685.513.706)	
Fengnar afborganir verðbrifa	329.681.540	781.157.830	
	<u>98.793.485</u>	<u>222.675.080</u>	
Fjármögnunarhreyfingar			
Útgefin skuldabréf	0	0	
Afborganir langtímalána	<u>(100.000.000)</u>	<u>(204.000.000)</u>	
	<u>(100.000.000)</u>	<u>(204.000.000)</u>	
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		(12.859.293)	6.269.891
Handbært fé í byrjun ársins	30.731.155	24.461.263	
Handbært fé í árslok	<u>17.871.862</u>	<u>30.731.155</u>	

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Fjárfestingafélag atvinnulífsins hf. var stofnað þann 29. janúar 2015. Tilgangur félagsins er að fjárfesta í verðbréfum og lánasamningum fyrirtækja og stofnana í samræmi við fjárfestingastefnu félagsins.

Fjárfestingafélag atvinnulífsins hf. er með heimilisfesti á Íslandi. Skráð aðsetur félagsins er Sundagarðar 2, 104 Reykjavík.

2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

2.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum hér á eftir.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mót þessi séu samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

2.2 Verð- eða gengistryggðar eignir og skuldir

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á því gengi sem síðast var skráð á árinu. Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í ársbyrjun 2019. Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikningi.

2.3 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu skuldabréfaeignar og áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

2.4 Fjárfestingar í verðbréfum

Fjárfestingar eru fjármálagerningar aðrir en afleiðusamningar. Félagið flokkar fjárfestingar sínar í eftirfarandi flokka: fjáreignir á gangvirði fært í rekstrarreikning, fjáreignir sem haldið er til sölu og fjárfestingar sem haldið er til gjalddaga. Flokkunin fer eftir því í hvaða tilgangi fjárfestinganna var aflað. Stjórnendur ákvarða flokkun fjárfestinga þegar þær eru færðar í upphafi og endurmeta þessa flokkun á hverjum reikningsskiladegi.

(a) Fjáreignir á gangvirði fært í rekstrarreikning.

Fjáreign er flokkuð í þennan flokk ef hún er fyrst og fremst keypt í þeim tilgangi að selja hana innan skamms tíma eða ef stjórnendur flokka hana þannig.

(b) Fjáreignir sem haldið er til sölu.

Fjáreignir sem haldið er til sölu eru aðrar fjárfestingar og eru innifaldar í fastafjármunum nema stjórnendur ráðgeri að ráðstafa fjárfestingu innan 12 mánaða frá dagsetningu efnahagsreiknings.

(c) Fjárfestingar sem haldið er til gjalddaga.

Fjárfestingar sem haldið er til gjalddaga eru fjáreignir sem ekki eru afleiður með föstum greiðslum eða greiðslum sem unnt er að ákvarða og föstum binditíma sem stjórnendur félagsins ráðgera og hafa getu til að halda út binditímann.

Kaup og sala fjárfestinga er færð á viðskiptadegi - þann dag sem félagið skuldbindur sig til að kaupa eða selja eignina. Fjárfestingar eru í upphafi færðar á gangvirði að viðbættum viðskiptakostnaði. Viðskiptakostnaður vegna fjáreigna sem færðar eru á gangvirði í rekstrarreikning er þó gjaldfærður. Fjárfestingar eru færðar út þegar réttindi til að taka á móti sjóðstreymi vegna fjárfestinga eru ekki lengur í gildi eða félagið hefur yfirfært því sem næst alla áhættu og umbun vegna eignarhalds. Fjáreignir sem haldið er til sölu og fjáreignir á gangvirði í rekstrarreikningi eru síðar bókfærðar á gangvirði. Fjárfestingum sem haldið er til gjalddaga eru bókfærðar á kostnaðarverði að teknu tilliti til reglubundinnar dreifingar affalla/yfirverðs með aðferð virkra vaxta. Gangvirðisbreytingar sem myndast vegna breytinga á gangvirði í flokknum "fjáreignir á gangvirði fært í rekstrarreikningi" eru innifaldar í rekstrarreikning á því tímabili sem þær myndast. Gangvirðisbreytingar vegna fjáreigna sem haldið er til sölu eru færðar á sérstakan reikning meðal eigin fjár á því tímabili sem þær myndast.

Skýringar

2.4 Fjárfestingar í verðbréfum frh.:

Þegar verðbréf, sem flokkuð eru þannig að þau séu til sölu, eru seld eða hafa rýrnað að virði, eru uppsafnaðar gangvirðisbreytingar innifaldar í rekstrarreikningnum sem hagnaður eða tap af fjárfestingum.

Gangvirði skráðra fjárfestinga er byggt á gildandi tilboðsverði. Ef markaðurinn fyrir fjáreign er ekki virkur (og fyrir óskráð verðbréf) ákvarðar félagið gangvirði með því að nota sérstakar matsaðferðir. Meðal þeirra er notkun nýlegra viðskipta ótengdra aðila, tilvísun til annarra gerninga sem eru efnislega þeir sömu eða viðurkenndum matslíkönum.

Á hverri dagsetningu efnahagsreiknings metur félagið hvort fyrir hendi séu hlutlægar vísbendingar um að fjáreign eða flokkur fjáreigna hafi rýrnað að virði. Þegar um er að ræða hlutabréfatengd verðbréf sem er haldið til sölu er tekið tillit til verulegrar lækkunar eða lækkunar til lengri tíma á gangvirði verðbréfsins sem er lægra en kostnaðarverð þess þegar ákvarðað er hvort verðbréfin séu virðisrýnuð. Ef einhver slík vísbending er fyrir hendi að því er varðar fjáreignir sem haldið er til sölu er uppsafnað tap - metið sem mismunurinn á kostnaðarverði kaupanna og gildandi gangvirðis að frádregnu öllu virðisrýnunartapi af þessari fjáreign sem var áður fært í rekstrarreikning - fjarlægt úr eigin fé og fært í rekstrarreikning. Virðisrýnunartöpp af eiginfjárgerningum sem færð eru í rekstrarreikning eru ekki bakfærð í gegnum rekstrarreikning.

2.5 Tekjuskattsinneign

Mismunur reiknaðs tekjuskatts samkvæmt rekstrarreikningi og þess tekjuskatts, sem reiknast af skattalegu tapi tímabilsins og kemur til frádráttar á næstu reikningsárum, færast til eignar í efnahagsreikningi sem tekjuskattsinneign. Mismunur þessi stafar af því að skattalegt tap samkvæmt skattframtali miðast við aðrar forsendur heldur en tap fyrir skatta samkvæmt rekstrarreikningi og er þar í meginatriðum um að ræða tímamismun vegna þess að gjöld, einkum afskriftir, eru að jafnaði færð fyrir í ársreikningi en skattauppgjöri.

Reiknuð tekjuskattsinneign, vegna frádráttarbærs tímabundins mismunar og yfirfærðs ónýtt skattalegs taps, er færð í samræmi við settar reikningsskilareglur og að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður í framtíðinni muni nýtast á móti henni. Frádráttarbær tímabundinn mismunur stafar af því að bókfært verð eigna er lægra en skattalegt verð þeirra en mismunurinn verður frádráttarbær síðar við ákvörðun skattalegrar afkomu.

Reiknuð tekjuskattsinneign er metin með því tekjuskattshlutfalli sem ætla má að verði í gildi þegar til nýtingar á henni kemur.

2.6 Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnistæðum.

2.7 Hlutfé

Almennt hlutfé er flokkað sem eigið fé.

2.8 Lántaka

Lántaka er færð í upphafi á gangvirði að frádregnum viðskiptakostnaði sem stofnað er til. Lántaka er síðan færð á afskrifuðu kostnaðarverði. Mismunur, ef einhver er, á andvirðinu (að frádregnum viðskiptakostnaði) og innlausnarvirði er fært í rekstrarreikning að teknu tilliti til reglubundinnar dreifingar affalla/yfirverðs.

Lántaka er flokkuð sem skammtímaskuldir nema félagið hafi óskilyrtan rétt til að fresta uppgjöri skuldarinnar í a.m.k. 12 mánuði eftir dagsetningu efnahagsreiknings.

2.9 Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að viðbættum áföllnum vöxtum.

Skýringar

3. Laun og launatengd gjöld

	2019	2018
Laun og launatengd gjöld ársins sundurliðast þannig:		
Laun	70.000	245.000
Tryggingagjald	5.144	18.535
Lífeyrissjóður	8.120	25.795
	83.264	289.330

4. Annar rekstrarkostnaður

Aðkeypt sérfræðipjónusta	2.057.834	1.368.426
Þóknunarkostnaður til ALMV	27.544.351	26.594.988
Kostnaður vegna skuldabréfaútgáfu	135.810	0
Funda- og viðskiptakostnaður	16.351	116.250
Annar kostnaður	35.320	170.975
	29.789.666	28.250.639

5. Fjárfestingar í verðbréfum

Fært á

kostn.verði

Árslok 2018

Bókfært verð í ársbyrjun	4.416.947.385
Viðbætur ársins	685.513.706
Afborganir	(781.157.830)
Verðbætur	126.130.810
Breyting áfallnir vextir	25.577.966
Dreifing lántökugjalds og yfirverðs	(11.362.868)
Bókfært verð í árslok	4.461.649.170
Langtímahluti dreginn frá	4.101.603.897
Skammtímahluti	360.045.272

Árslok 2019

Bókfært verð í ársbyrjun	4.461.649.170
Viðbætur ársins	77.077.929
Afborganir	(329.681.540)
Verðbætur	102.571.085
Niðurfærsla	(317.880.778)
Breyting áfallnir vextir	(18.341.819)
Dreifing lántökugjalds og yfirverðs	(6.361.108)
Bókfært verð í árslok	3.969.032.939
Langtímahluti dreginn frá	3.625.836.982
Skammtímahluti	343.195.956

Afborganir fjáreigna sem haldið er til gjalddaga sundurliðast eftirfarandi:

Árið 2020	306.703.804
Árið 2021	306.270.252
Árið 2022	197.014.835
Árið 2023	192.628.694
Árið 2024	194.241.147
Síðar	2.735.682.055
	3.932.540.786

Afborganir ársins 2020 færðar meðal veltufjármuna	306.703.804
Afborganir með gjalddaga eftir eitt ár eða síðar	3.625.836.982
	3.932.540.786

Skýringar

6. Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

	Hlutafé	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samtals
Hreyfingar 2018:			
Staða í ársbyrjun	4.000.000	0	4.000.000
Rekstrarniðurstaða ársins		0	0
Staða í árslok	4.000.000	0	4.000.000
Hreyfingar 2019:			
Staða í ársbyrjun	4.000.000	0	4.000.000
Rekstrarniðurstaða ársins	0	0	0
Staða í árslok	4.000.000	0	4.000.000

Fjöldi hluta í félaginu eru 4.000 þús., hver að verðmæti 1 kr.

7. Tekjuskattur

Reiknaður tekjuskattur félagsins af hagnaði fyrir skatta (virkur tekjuskattur) er frábrugðinn þeirri fjárhæð sem kæmi út ef tekjuskattshlutfall er notað til útreikningsins sem hér greinir:

	2019	2018
Hagnaður fyrir skatta	4.375	0
Reiknaður tekjuskattur miðað við 20% skatthlutfall	875	0
Ófrádráttarbær gjöld	3.500	0
	4.375	0

8. Langtímaskuldir

	2019	2018
Skuldir í íslenskum krónum:		
Óverðtryggðar skuldir. Vextir miðast við árságóða félagsins	4.372.315.711	4.518.024.616
Langtímaskuldir samtals	4.372.315.711	4.518.024.616

Afborganir af langtímaskuldum félagsins næstu ára eru breytilegar.

Öll verðbréfaeign og fastafjármunir félagsins eru til tryggingar á langtímaskuldum þess.

Komi til þess að greiðslufall og/eða afföll verða á eignasafni útgefanda þannig að verðmæti eigna nema lægri fjárhæð en skuldbindingar útgefenda þá er útgefanda heimilt að færa niður vermæti hins útgefins skuldabréfaflokks í bókum útgefanda.

Skýringar

9. Aðrar upplýsingar

Covid-19

Stjórnendur félagsins hafa farið yfir veðstöðu hjá félaginu en veð útlána félagsins er í fasteignum og lóðum. Það er mat stjórnenda félagsins að veðstaða félagsins sé almennt mjög góð þrátt fyrir niðurfærslu sem var þörf á árinu 2019. Covid-19 er því ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á félagið til lengri tíma. Til skemmri tíma mun félagið þurfa að skilmálabreyta hluta útlána og fresta greiðslum, en um 30% af útlánum eru til aðila í starfsemi tengdri ferðaþjónustu. Þar sem afborganir langtímalána eru breytilegar og vextir langtímalána miðast við árságóða félagsins er það mat stjórnar að ekki leiki neinn vafi á rekstrarhæfi félagsins.

Skuldbindandi samningar

Félagið gerði rekstrarsamning þann 17. febrúar 2015 við ALM Verðbréf hf. um að annast daglegan rekstur félagsins í samræmi við ákvarðanir stjórnar félagsins, fjárfestingaráðs, ákvæði samnings þessa, samþykktir félagsins og þær lagareglur sem um starfsemi þess gilda á hverjum tíma. Samningur er ótímabundinn en er uppsegjanlegur með ákvörðun yfir 2/3 eigenda skuldabréfs sem félagið hefur gefið út. Uppsagnarfrestur er þrjú mánuðir.